

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 340/2021

frá 10. desember 2021

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/383 frá 3. mars 2021 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um skráningu meðefna sem eru ekki samþykkt til að nota í plöntuverndarvörur ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin 1-dekanól, 1,4-dímetylnaftalín, 6-bensýladenín, asekinósýl, Adoxophyes orana-kyrningaveiru, álsúlfat, amísúlbróm, *Aureobasidium pullulans* (stofnum DSM 14940 og DSM 14941), asadíraktín, *Bacillus pumilus* QST 2808, benalaxýl-M, bixafen, búpírimat, *Candida oleophila* af stofni O, klórantranilípról, dínatríumfosfónat, díþíanón, dódín, emamektín, flúbendíamíð, flúómetúrón, flúxapýroxað, flútríafól, hexýþíasox, ímasamox, ípkónasól, ísoxaben, L-askorbínsýru, brennisteinskalk, appelsínuolíu, *Paecilomyces fumosoroseus* af stofni FE 9901, pendímetalín, penflúfen, penþíópýrað, kalsíumfosfónat, prósúlfúrón, *Pseudomonas* sp. af stofni DSMZ 13134, pýridalýl, pýríófenón, pýroxsulám, kímerak, S-absisínsýru, sedaxan, sintófen, natríumsilfurþíósúlfat, spínétóram, spírótetramat, *Streptomyces lydicus* af stofni WYEC 108, táflúvalínat, tebúfenósíð, tembótríón, þienkarbasón, valífenalat og sinkfosfíð ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/556 frá 31. mars 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerðum (ESB) 2017/1529 og (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar skilyrði fyrir samþykki fyrir grunnefninu natríumklóríði ⁽³⁾.
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 7.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 115, 6.4.2021, bls. 26.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 13. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1107/2009):

„– **32021 R 0383**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/383 frá 3. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 74, 4.3.2021, bls. 7).“

2. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):

„– **32020 R 2007**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2007 frá 8. desember 2020 (Stjtíð. ESB L 414, 9.12.2020, bls. 10),

– **32021 R 0556**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/556 frá 31. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 115, 6.4.2021, bls. 26).“

3. Eftirfarandi er bætt við lið 13zzzzzzzzc (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1529):

„, breytt með:

– **32021 R 0556**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/556 frá 31. mars 2021 (Stjtíð. ESB L 115, 6.4.2021, bls. 26).“

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2021/383, framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/2007 og (ESB) 2021/556, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 11. desember 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 10. desember 2021.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Rolf Einar Fife

forseti.

ÓOPINBER ÞÝÐING